



Skipulagsfulltrúinn á Blönduósi.

Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduós. Sími 455-4700 Bréfsími 455-4701.

Málsnúmer: 1609001

FRAMKVÆMDARLEYFI Til framkvæmda við riffilbraut, bogfimibraut og trapvöll.

Sveitarstjórn Blönduósbæjar samþykkti 18. desember 2019 að veita skipulagsfulltrúa heimild til að gefa út framkvæmdarleyfi vegna riffilbrautar, bogfimibrautar og trapvöll, enda fellur leyfisumsóknin að öllu leiti að gildandi aðal- og deiliskipulagi af svæðinu. Gildandi deiliskipulagstillaga var auglýst frá 26. janúar til 9. mars 2017 ásamt breytingu á aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 27. júlí 2017.

Framkvæmdaraðili:

Skotfélagið Markviss, kt.450691-1439, Skúlabraut 9, 540 Blönduósi.

Staðsetning framkvæmdar:

Staðsetningin er samkvæmt deiliskipulagi fyrir skotæfingasvæði á Blönduósi sem tók gildi 27. júlí 2017. Endahnitpunktir riffilbrautar í ÍSNET 93 hnitakerfi eru:

	Austur	Norður
ML0m	441416.49	572584.19
ML300m	441716.10	572599.43

Umfang framkvæmdar:

Frá 0-30m er bogfimibraut við hlið riffilbrautar og er botnbreidd brautanna 12,0m. Botnbreidd riffilbrautar frá 30m -300m er 6,0m og er heildarlengd riffilbrautar 300m. Skotmörk riffilbrautar verða á 25m, 50m, 100m, 150m, 200m og 300m. Trapvöllur verður norðan Skeetvallar.

Samantekt á lýsingu og frágangi framkvæmdar:

Frágangur skal vera í samræmi við ákvæði deiliskipulags fyrir skotæfingasvæði á Blönduósi, en þar segir meðal annars:

Skeetvöllur. Skotgeiri er sýndur á deiliskipulagsuppdrætti, langdrægni er 200m og öryggissvæði er 300m frá skotstað.


Trappbraut. Skotgeiri er sýndur á deiliskipulagsuppdrætti, langdrægni er 200m og er öryggissvæði 300m frá skotstað og miðast við að brot úr leirdúfum geti mögulega fallið innan þess svæðis.

Riffilbraut. Skotgeiri er sýndur á deiliskipulagsuppdrætti. Öryggissvæði og lengd riffilbrauta er 300m. Brautin er þröngt afmörkuð þar sem skotið verður úr skýli sem stýrir stefnu skotsins innan skotbrautarinnar. Riffilbrautin verður grafin niður um 2m og verður botnbreidd hennar um 6m og veggir með 50 gráðu halla. Efni sem kemur upp úr brautinni verður nýtt í manir sitthvoru megin og við enda hennar. Heildardýpt brautarinnar verður um 3.5-4m og hærrí fyrir austurenda hennar. Brautin verður lokuð á alla kanta og gengið inn á hana úr riffilhúsi.

Bogfimivöllur. Samsíða og norðan við riffilbraut er gert ráð fyrir 30m langri bogfimibraut. Skotstefna er í austur og öryggissvæði 30m frá skotstað.

Girðingar. Skotsvæðið verður girt af öryggisástæðum með 1,2 m hárrí girðingu og verður aðkoma að svæðinu takmörkuð við tiltekinn opnunartíma.

Gögn sem framkvæmdaleyfið byggir á:



Skipulagsfulltrúinn á Blönduósi.

Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduós. Sími 455-4700 Bréfsími 455-4701.

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 með bréfi dagsettu 6. desember 2018.

Áður voru fyrirbyggandi eftirtalin gögn:

- Deiliskipulag fyrir skotæfingasvæði á Blönduósi sem tók gildi 27. júlí 2017.
- Teikning af skotvöllum gerð hjá Stoð verkfræðistofu af Birni Magnúsi Árnasyni teikning nr. S-03 í verki nr.712502, dagsett 12. sept. 2017.
- Umsögn Skipulagsstofnunar dags 30. janúar 2019 um hvort framkvæmdin falli undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum Skipulagsstofnunar telur að framkvæmdir við gerð ríffilbrautar, bogfímibrautar og trappvallar falli ekki undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag Blönduósbæjar 2010-2030. Framkvæmdaleyfið er gefið út skv. 13-16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi og í samræmi við ákvæða laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Leyfishafa ber að kynna sér samræmd starfsleyfisskilyrði Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits fyrir efnistöku vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 m.s.br. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Dagsetning samþykktar leyfisveitanda:

Framkvæmdir hafa þegar verið hafnar vegna fyrri framkvæmdarleyfis sem gefið var út 25. september 2017. Úskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi það leyfið úr gildi vegna formgalla 28. nóvember 2018.

Framkvæmdarleyfið gildir frá 10. júlí 2019.

Gildistími framkvæmdaleyfis:

Heimilt er að hefja framkvæmdir nú þegar enda verði neðangreindum skilyrðum fullnægt. Framkvæmdaleyfi þetta gildir frá útgáfudegi til 30. september 2020 til framkvæmda við framangreinda skotvelli og fellur úr gildi að þeim tíma liðnum.

Eftirlitsaðili framkvæmdar:

Skipulagsfulltrúi Blönduósbæjar mun hafa eftirlit fyrir hönd Blönduósbæjar með framkvæmdunum. Eftirlitið felst í því að sjá um að verktaki uppfylli það sem kemur fram í deiliskipulagi og hönnunargögnum um framkvæmd verksins. Ennfremur er gengið út frá að Umhverfisstofnun haldi uppi sérstöku eftirliti með framkvæmdinni til samræmis við 76. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Markmið með sérstöku eftirliti Umhverfisstofnunar er að fylgjast með því að frágangur einstakra verka og verkþátta verði með ásættanlegum hætti m.t.t. laga nr. 60/2013.

Skilyrði fyrir leyfi til framkvæmda:


Eftirfarandi skilyrði þarf að uppfylla vegna leyfisveitingarinnar:

1. Á röskuðum grónum svæðum þarf að viðhafa aðgerðir til að endurheimta náttúrulegan gróður.

Framkvæmdin skal samræmast samþykktum hönnunargögnum. Tilkynna skal til skipulagsfulltrúa áður en kemur til breytinga á framkvæmdinni.

Framkvæmdaleyfisgjald hefur þegar verið greitt.

Blönduósi 10. júlí 2019


Þorgils Magnússon,
skipulagsfulltrúi á Blönduósi.

